



MA ritgerð

Náms- og starfsráðgjöf

**Andleg líðan og skuldbinding
framhaldsskólanema í tengslum við brotthvarf frá
námi**

Elísa Þorsteinsdóttir

**Leiðbeinandi: Kristjana Stella Blöndal
Útskriftarmánuður: Júní 2018**



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGS- OG MANNVÍSINDAEILD

Andleg líðan og skuldbinding framhaldsskólanema í tengslum við brothvarf frá námi

Elísa Þorsteinsdóttir

Lokaverkefni til MA gráðu í náms- og starfsráðgjöf

Leiðbeinandi: Kristjana Stella Blöndal

30 einingar

Félags- og mannvísindadeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2018

Andleg líðan og skuldbinding framhaldsskólanema í tengslum við
brothvarf frá námi

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA í náms- og starfsráðgjöf
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Elísa Þorsteinsdóttir, 2018

Prentun: Pixel prentþjónusta
Reykjavík, Ísland, 2018

Útdráttur

Könnuð var andleg líðan og skuldbinding framhaldsskólanema í tengslum við brotthvarf frá námi. Notast var við gögn úr langtímarannsókninni *Námsframvinda nemenda og skilvirkni framhaldsskóla*, en gagnasöfnun fyrir rannsóknina fór fram árið 2007. Rannsóknin náði til allra framhaldsskóla landsins en þessi rannsókn notaðist við svör 1803 ungmenna á aldrinum 16-17 ára. Upplýsingar um námsstöðu þátttakenda voru fengnar frá Hagstofu Íslands með því að kanna hvort ungmennin hefðu útskrifast úr framhaldsskóla eða ekki við 22 og 23 ára aldur, hún var því metin sex árum eftir að spurningakönnunin fór fram. Notast var við aðhvarfsgreiningu hlutfalls (*logistic regression*) til þess að meta forspá andlegrar líðan og skuldbindingar nemenda um námsstöðu við 22 og 23 ára aldur. Tekið var tillit til kyns og aldurs ungmennanna, ásamt fyrri námsárangurs og menntunar foreldra. Niðurstöður sýndu að andleg líðan og tilfinningaleg og hegðunarleg skuldbinding 16 og 17 ára ungmenna spáði fyrir um námsstöðu þeirra sex árum síðar. Að auki sýndu niðurstöður að með teknu tilliti til bakgrunnsbreyta og fyrri námsárangurs spáðu bæði andleg líðan og hegðunarleg skuldbinding fyrir um brotthvarf nemenda. Þessar niðurstöður koma til með að nýtast því fagfólki sem starfar innan skólakerfisins, þar á meðal náms- og starfsráðgjöfum, en þær ýta undir mikilvægi þess að bera kennsl á helstu áhættuþætti brotthvarfs og að stuðla að bættri andlegri líðan framhaldsskólanemenda.

Abstract

Secondary school students' mental health and engagement was explored in relation to school dropout. Data from the longitudinal study *Student educational progress and school effectiveness*, was used in the study, data was conducted in 2007. The study was conducted in all secondary schools in Iceland, however, this study used answers from 1803 adolescents age 16 and 17 years old. Information regarding school dropout was provided by Statistics Iceland who gave information about whether or not the adolescents had completed upper secondary education by the age of 22 and 23. This information was conducted six years after the study took place. Results from logistic regression analysis showed that mental health and emotional- and behavioral engagement at the age of 16 and 17 years old predicted adolescents' academic status six years later. Results also showed that after controlling for students' background and previous academic achievement, both mental health and behavioral engagement predicted school dropout. These results may come to good use for all professionals who work within the school environment, including educational and vocational counsellors. They highlight the importance of improving students' mental health and increasing their school engagement to prevent school dropout.

Formáli

Rannsókn þessi er 30 ECTS eininga lokaverkefni í meistaranámi í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands. Rannsóknin var unnin undir handleiðslu Kristjönu Stellu Blöndal, dósents við Háskóla Íslands. Ég vil þakka henni kærlega fyrir alla þá hjálp og stuðning sem hún hefur veitt mér við gerð þessa verkefnis. Hennar ábendingar og leiðsögn hafa reynst vel og komið að góðu gagni. Þá vil ég einnig þakka eiginmanni mínum, Degi Pálssyni, fyrir að veita mér hvatningu þegar ég þurfti sem mest á henni að halda.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Abstract	4
Formáli	5
Efnisyfirlit	6
Töfluskrá	7
1 Inngangur	8
1.1 Brotthvarf.....	9
1.2 Skuldbinding.....	11
1.3 Andleg líðan	13
1.3.1 Þunglyndi	14
1.3.2 Kvíði.....	15
1.4 Skuldbinding, andleg líðan og brotthvarf	16
1.5 Rannsóknarspurningar	20
Aðferð	21
2 Niðurstöður	25
3 Umræða	31
Heimildaskrá	36

Töfluskra

Tafla 1. Brotthvarfsnemendur eftir kyni, aldri, menntun foreldra og fyrri námsárangri.....	26
Tafla 2. Fylgni rannsóknarbreyta	27
Tafla 3. Niðurstöður aðhvarfsgreiningar hlutfalls (logistic regression) fyrir brotthvarf nemenda.....	29

1 Inngangur

Í nútímasamfélagi er sífellt aukin áhersla á hærra menntunarstig fólks og í dag fer mikill meirihluti unglinga á Íslandi í framhaldsskóla að lokinni grunnskólagöngu (95% haustið 2014) (Hagstofan, 2016). Þó svo að mörg ungmenni hefji framhaldsskólanám þá er ekki þar með sagt að þau ljúki öll náminu heldur er brotthvarf framhaldsskólanema á Íslandi ennþá mjög hátt í samanburði við nágrannalönd okkar (OECD, 2012). Vegna þess hversu mikil áhersla er á hærra menntunarstig fólks í dag getur brotthvarf úr framhaldsskóla haft miklar og alvarlegar afleiðingar í för með sér bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið sem hann býr í (Rumberger og Lamb, 2003).

Rannsóknir hafa tengt lægra menntunarstig fólks við verri lífsgæði, lægri laun, lakara heilsufar (Woolf, Johnson, Phillips og Pilipsen, 2007) aukið atvinnuleysi og færri tækifæri á vinnumarkaði (Rumberger og Lamb, 2003). Rannsóknir hafa einnig sýnt að þau ungmenni sem hætta í námi eru líklegri til þess að leiðast út í óreglu samanborið við önnur ungmenni (Bjerk, 2012). Brotthvarf úr námi getur því haft mikil áhrif á framtíð ungmenna.

Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að ungt fólk ákveður að hætta í námi en oft er um að ræða langan feril yfir langt tímabil í samskiptum einstaklingsins og umhverfisins sem að lokum leiðir til brotthvarfs. Erfitt er að nefna eina tiltekna ástæðu fyrir brotthvarfi frá námi en þær geta til að mynda verið námsleiði, heimilisaðstæður, fjárhagsáhyggjur (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002) eða persónulegar ástæður, svo sem andleg líðan (Quiroga, Janosz, Bisset og Morin, 2013). Skuldbinding til náms og skóla er mikilvægt hugtak í brotthvarfsferlinu en þá hafa rannsóknir meðal annars sýnt að skortur á henni getur ýtt undir brotthvarf nemenda (Archambault, Janosz, Morizot og Pagani, 2009; Fredricks, Blumenfeld og Paris, 2004).

Lítill áhersla hefur verið lögð á að kanna áhrif andlegrar líðan á skuldbindingu til náms- og skóla og brotthvarf meðal framhaldsskólanema hér á landi. Vegna þess hversu stór hluti íslenskra ungmenna hættir í námi og hversu algengt það er orðið að þessi hópur upplifi andlega erfiðleika er mikilvægt að skoða tengsl þessara þátta við líðan í skóla og brotthvarf (Svandís Nína Jónsdóttir o.fl., 2003). Markmið þessarar rannsóknar var að kanna forspá andlegrar líðan og skuldbindingar 16 og 17 ára nemenda um hvort þeir hefðu lokið framhaldsskólanámi vð 22 og 23 ára aldur.

1.1 Brotthvarf

Margar skilgreiningar hafa verið settar fram til þess að skilgreina þann hóp einstaklinga sem hættir í námi áður en prófgráðu er lokið en þessi hópur verður hér eftir kallaður brotthvarfsnemendur. Hagstofa Íslands (2014) og OECD (2002) skilgreina brotthvarf eins, en samkvæmt þeim eru brotthvarfsnemendur þeir nemendur sem hefja nám við framhaldsskóla að hausti en ljúka ekki náminu. Samkvæmt OECD eru þetta einstaklingar á aldrinum 20-24 ára. Hagstofan hefur þó einnig skilgreint brotthvarfsnemendur út frá því að þeir eru einstaklingar sem hafa ekki lokið framhaldsskóla á tilteknum aldri óháð því hvort þeir byrjuðu í framhaldsskóla eða ekki. Samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins eru brotthvarfsnemendur einstaklingar á aldrinum 18 til 24 ára sem hafa einungis lokið grunnskólaprófi og eru ekki í formlegu námi (Eurostat, 2016). Sú skilgreining er ólík skilgreiningu OECD að því leitinu til að samkvæmt henni eru brotthvarfsnemendur einnig þeir nemendur sem ekki hafa hafið nám við framhaldsskóla og hafa því í rauninni ekki hætt í námi.

Efnahags- og framfarastofnunin OECD gaf út skýrslu árið 2012 þar sem fram kemur að brotthvarf á Íslandi er með því hæsta samanborið við önnur OECD lönd (OECD, 2012). Í skýrslunni kemur meðal annars fram að árið 2009 voru um 20% Íslendinga á aldrinum 25-34 ára sem ekki höfðu lokið framhaldsskólaprófi. Í nágrannalöndum okkar, Svíþjóð og Finnlandi, var þetta hlutfall hins vegar undir 10%. Hér á landi er brotthvarf nemenda úr framhaldsskólum heldur hátt en sem dæmi má nefna höfðu aðeins um 45% þeirra 4.830 nemenda sem hófu framhaldsskólagöngu haustið 2004 lokið náminu fjórum árum seinna (Hagstofan, 2014). Þegar litið er til brotthvarfs höfðu um 28% þeirra sem hófu nám árið 2004 annaðhvort hætt eða tekið sér hlé frá náminu. Þá hafa rannsóknir sýnt að brotthvarf er talsvert hærra meðal stráka samanborið við hjá stúlkum (Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Sólrún Sigvaldadóttir, 2016; Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2014; Rumberger, 2011).

Sú ákvörðun að hætta í námi reynist að öllum líkindum engum auðveld og oftast er um að ræða langan aðdraganda áður en hún er tekin. Ástæður fyrir brotthvarfi eru oftast margþættar og ferlið sem liggur að baki ákvörðunarinnar getur verið flókið. Þá gegnir skudlbinding nemenda til bæði náms og skóla lykilhlutverki í þessu ferli en nánar verður fjallað um hana í næsta kafla. Mikilvægt er að skoða helstu áhættuþætti sem valda

brotthvarfi svo hægt sé að koma í veg fyrir það. Þessir þættir eru þó eins ólíkir og þeir eru margir og þeir tengjast ekki einungis einstaklingnum sjálfum heldur einnig umhverfis-, skóla- og fjölskyldutengdum þáttum (Cornell, Gregory, Huang og Fan, 2013; Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2014; Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2005).

Langtímarannsókn Jóns Torfa Jónassonar og Kristjónu Stellu Blöndal (2002) kannaði meðal annars helstu ástæður brotthvarfs meðal einstaklinga sem fæddir voru árið 1975. Rannsóknin byggðist á svörum 4180 einstaklinga þar sem þeir voru beðnir um að greina frá mikilvægustu ástæðu fyrir brotthvarfi. Þá sýndu niðurstöður að tæplega helmingur þátttakenda hafði ekki lokið framhaldsskólaprófi við 24 ára aldur. Niðurstöður sýndu jafnframt að karlmenn voru mun líklegri til þess að hætta í námi samanborið við konur. Helstu ástæður fyrir brotthvarfi sem stúlkur greindu frá voru barneignir, peningavandræði og námsleiði. Þá voru helstu ástæður brotthvarfs hjá strákum peningavandræði, námsleiði eða þeim bauðst gott starf.

Nokkur munur virðist vera á þeim ungmönnum sem haldast í námi og þeim sem hætta. Rannsóknir sýna að þeir sem stunda nám við framhaldsskóla upplifa meiri stuðning frá foreldrum sínum og samskipti þeirra við foreldra eru betri en meðal þeirra sem ekki stunda nám við framhaldsskóla (Hrefna Pálsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Birna Baldursdóttir og Jón Sigfússon, 2010; Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2005). Stuðningur foreldra virðist því vera mikilvægur verndandi þáttur þegar kemur að brotthvarfi. Aðrir verndandi þættir eru til að mynda skólaumhverfið sjálft en í rannsókn Jia, Konold og Cornell (2016) var meðal annars kannað hvernig skólaumhverfið getur haft áhrif á að ýta undir góðan námsárangur nemenda og komið í veg fyrir brotthvarf. Alls tóku 323 skólar þátt í rannsókninni en þátttakendur voru bæði nemendur og kennarar. Niðurstöður sýndu að brotthvarf var lægst í þeim skólum þar sem stuðningur við nemendur var mikill, bæði frá kennurum og öðru starfsfólki skólans, og í þeim skólum þar sem væntingar voru gerðar til nemenda um góðan námsárangur. Í þeim skólum þar sem stuðningur við nemendur var lítill og væntingar um námsárangur voru litlar var brotthvarf nemenda talsvert meira. Skólaumhverfið virðist því spila stórt hlutverk þegar kemur að því hvort ungmenni haldast í námi eða ákveða að hætta. Neikvæð upplifun að skólaumhverfinu getur verið stór áhættuþáttur þegar kemur

að brotthvarfi en rannsóknir hafa til að mynda tengt stríðni og einelti sem einstaklingar verða fyrir á skólagöngunni við hærri brotthvarfstíðni (Cornell o.fl., 2013).

Þá hafa rannsóknir einnig sýnt að fyrri námsárangur er sterkur forspárþáttur þegar kemur að brotthvarfi (Rumberger, 1995). Rannsóknir hafa til að mynda sýnt að þeir nemendur sem eru með lága meðaleinkunn á samræmdum prófum í íslensku eða stærðfræði 10. bekk eru ólíklegri til að hafa lokið framhaldsskóla við 22 til 26 ára aldur heldur en þeir sem eru með háa meðaleinkunn (Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Sólrún Sigvaldadóttir, 2016).

Andleg líðan brotthvarfsnemenda hefur einnig verið könnuð og hafa rannsóknir sýnt að brotthvarfsnemendur sýna í mun meira mæli einkenni þunglyndis samanborið við þá sem ekki hætta í námi (Nair, Paul og John, 2004). Rannsóknir hafa einnig sýnt að þau ungmenni sem eiga foreldra sem glíma við andleg veikindi eru líklegri en önnur til að hætta í námi (Farahati, Marcotte og Wilcox-Gök, 2003).

1.2 Skuldbinding

Skuldbinding er lykilhugtak í brotthvarfsferlinu en rannsóknir sýna að eftir því sem skuldbinding ungmenna minnkar því nær færast þau þeirri ákvörðun að hætta í námi (Archambault, Janosz, Morizot og Pagani, 2009; Fredricks, Blumenfeld og Paris, 2004; Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2012).

Fredricks og félagar (2004) skilgreindu skuldbindingu út frá þremur víddum, þær eru hegðunarleg-, tilfinningaleg- og vitsmunaleg skuldbinding. Með hegðunarlegri skuldbindingu (*behavioral engagement*) er átt við þátttöku nemenda í skólastarfinu, bæði í tengslum við námið og félagsstörf. Dæmi um hegðunarlega skuldbindingu er til dæmis þátttaka í kennslustundum og þrautseigja í námi. Hegðunarleg skuldbinding hefur góð áhrif á námsframvindu og minnkar líkur á brotthvarfi. Neikvæð skólahægðun er skortur á hegðunarlegri skuldbindingu en þá er átt við að nemendur séu ekki virkir í náminu og taki lítinn þátt í því svo sem með því að sinna ekki heimanámi eða mæta ekki í kennslustundir. Tilfinningaleg skuldbinding (*emotional engagement*) tengist tilfinningalegum viðbrögðum einstaklinga til bæði náms og skóla, þ.e. hvernig viðkomandi tengist tilfinningalega skólanum, samnemendum og kennurum. Þeir nemendur sem eru tilfinningalega skuldbundnir skólanum upplifa meiri samsömun við skólann en samsömun við skóla tengist því hvernig nemendum líður í skólanum, hvort þeir séu ánægðir eða óánægðir í

skólaumhverfinu eða hvort þá langi til þess að skipta um skóla. Félagsleg skuldbinding fellur einnig undir tilfinningalega skuldbindingu en með henni er átt við tengsl nemenda til samnemenda og viðhorf nemenda til félagslífsins í skólanum. Vitsmunaleg skuldbinding (*cognitive engagement*) tengist vilja nemenda til að gera það sem þarf til að ná tilsettum árangri eða ákveðinni færni sem þarf til að leysa ákveðið verkefni (Fredricks o.fl., 2004).

Sýnt hefur verið fram á að þeir nemendur sem taka þátt í skólastarfinu gengur betur að tengjast vinaböndum við aðra í skólanum og eru einnig ólíklegri til að hætta í námi samanborið við þá nemendur sem taka minni þátt (Ream og Rumberger, 2008). Til þess að koma í veg fyrir brotthvarf er því mikilvægt að hvetja ungmenni til að taka virkan þátt í skólastarfinu, bæði utan og innan veggja skólans.

Janosz, Le Blanc, Boulerice og Tremblay (2000) báru kennsl á ólík einkenni brotthvarfsnemenda og skiptu þeim í fjóra hópa. Hóparnir voru þögulir nemendur (*quiet dropouts*), fráhverfir nemendur (*disengaged dropouts*), nemendur sem sýndu lítinn námsárangur (*low-achiever dropouts*) og þeir nemendur sem áttu erfitt með að aðlagast reglum skólaumhverfisins (*maladjusted dropouts*). Þöguli hópurinn var mun skuldbundnari skólanum samanborið við hina hópana, þeir nemendur sem féllu undir þann hóp fóru eftir reglum skólans og tóku þátt í skólastarfinu. Allir hinir hóparnir áttu það sameiginlegt að þeir voru minna skuldbundnir skólanum en námsárangur þeirra var ólíkur. Hópurinn sem átti erfitt með að aðlagast skólanum var með lakasta námsárangurinn, ásamt því að sýna verstu skólahegðunina samanborið við alla hina hópana. Fráhverfi hópurinn var með hvað besta námsárangurinn ef miðað var við alla hina hópana.

Í skýrslu Kristjönu Stelli Blöndal, Jóns Torfa Jónassonar og Sólrúnar Sigvaldadóttur (2016) var skuldbinding framhaldsskólanemenda á 17.-24. aldursári til náms í tengslum við brotthvarf könnuð. Niðurstöður sýndu að samsömun við skóla var minni meðal þeirra nemenda sem voru með lakari námsárangur á samræmdum prófum í 10. bekk í grunnskóla. Skuldbinding var mest meðal þeirra nemenda sem luku náminu á réttum tíma en minnst hjá þeim sem frestuðu útskrift um tvö ár eða meira. Þeir nemendur sem luku náminu á tilsettum tíma voru félagslega skuldbundnastir náminu og sýndu hvað mesta samsömun við skólann. Niðurstöður sýndu jafnframt að strákar sýndu frekar neikvæðari skólahegðun en stúlkur en þá voru þeir einnig ólíklegri til að hafa lokið námi innan tilsetts tíma samanborið við stúlkur. Þeir nemendur sem luku námi innan tilsetts tíma voru einnig

með bestu andlegu líðanina. Þá sýndu niðurstöður jafnframt að brotthvarf var mest meðal nýnema.

Mismunandi þættir geta haft áhrif á skuldbindingu við skóla en rannsóknir hafa til að mynda skoðað tengsl milli eftirlits forelda, skuldbindingar og brotthvarfs (Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2014). Niðurstöður hafa sýnt að þau ungmenni sem upplifa meiri stuðning og eftirlit frá foreldrum við 15 ára aldur eru líklegri til að vera skuldbundnari skólanum og að hafa útskrifast úr framhaldsskóla við 22 ára aldur. Einnig hefur verið sýnt fram á tengsl milli óákveðni með námsval og skuldbindingu nemenda en þá sýna rannsóknir að því óvissari sem nemendur eru með námsval sitt því minni er samsömun þeirra við bæði námið og skólann. Óvissa með námsval tengdist einnig neikvæðari skólahegðun ungmenna (Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir, 2013).

Skuldbinding nemenda getur því gegnt mikilvægu hlutverki til þess að koma í veg fyrir brotthvarf úr námi (Janosz o.fl., 2008; Rumberger, 1995) en rannsóknir hafa meðal annars sýnt að skuldbinding nemenda til náms og skóla getur ýtt undir hvatningu til náms, góða námsframvindu og komið í veg fyrir félagslega einangrun (Fredricks, Blumenfeld og Paris, 2004). Rannsóknir hafa einnig sýnt að skuldbinding til bæði náms og skóla við 14 ára aldur eykur líkur á framhaldsskólaútskrift við 22 ára aldur (Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2016). Skuldbinding virðist því ekki einungis hafa áhrif á andlega líðan ungmenna heldur einnig á námsárangur þeirra og brotthvarf úr námi.

1.3 Andleg líðan

Í þessum kafla verður sjónum beint að kvíða- og þunglyndiseinkennum ungmenna. Einstaklingar sem greinast með þunglyndi og/eða kvíða byrja oft að finna fyrir fyrstu einkennum á unglingsárunum en á þessum árum eiga miklar breytingar sér stað, bæði andlegar og líkamlegar. Greiningakerfið DSM-5 (*Diagnostic and Statistican Manual of Mental Disorders*) hefur fjölgað skilgreindum geðröskunum hratt en í dag inniheldur kerfið alls um 300 skilgreiningar á ólíkum geðröskunum, þar á meðal þunglyndi og kvíða (American Psychological Association. *Diagnostic and statistical manual of mental disorders: DSM-5*, 2013). Einkenni þunglyndis og kvíða eru ólík en oft fara þau þó saman, það er að segja að einstaklingar með einkenni þunglyndis upplifa oft einnig einkenni kvíða og öfugt (Wetherell, Gatz og Pedersen, 2001).

Kannanir á vegum Embættis landlæknis sem framkvæmdar hafa verið frá árinu 2007 sýna að andleg líðan einstaklinga á aldrinum 18-24 ára hefur farið hrakandi (Sigrún Daníelsdóttir, Védís Helga Eiríksdóttir og Salbjörg Bjarnadóttir, 2017). Þá sýna niðurstöður að árið 2007 töldu um 16% þátttakenda andlega heilsu sína vera sæmilega eða lélega samanborið við 22% árið 2012 og 36% árið 2016.

1.3.1 Þunglyndi

Flest okkar upplifa einkenni þunglyndis einhvern tímann á lífsleiðinni en oft tengjast þessi tímabil þunglyndiseinkenna ákveðnum atburðum í lífi okkar, svo sem ástvinamissi, ástarsorg eða lélegu gengi í námi. Talið er að einn af hverjum fjórum upplifi þunglyndiseinkenni á einhverjum tímapunkti á lífsleiðinni en flest náum við að yfirstíga þessi einkenni og halda áfram með líf okkar. Það er þó ekki svo einfalt fyrir alla því sumir halda áfram að upplifa þessi einkenni og þau aukast jafnvel svo mikið að þau fara að hafa veruleg áhrif á hversdagslíf einstaklingsins. Þunglyndiseinkenni geta verið breytileg eftir fólki, hjá sumum eru einkennin sjáanleg á meðan aðrir ná að fela þau (Buckman og Charlish, 2002).

Í greiningarkerfi DSM-5 (American Psychiatric Association, 2013) eru einkenni þunglyndis (*major depressive disorder*) depurð, vonleysi, lágt sjálfsmat, orkuleysi og óánægja. Einstaklingar sem greindir hafa verið með þunglyndi finna oft fyrir breytingum á matarlyst, þyngdaraukningu, þyngdartapi, þirringi og/eða eirðar- og einbeitingarleysi. Önnur alvarleg einkenni þunglyndis eru til að mynda sjálfsvígshugsanir eða hugsanir um sjálf skaða.

Samkvæmt evrópsku heilsufarsrannsókninni sem framkvæmd var á Íslandi árið 2015 greindu um 18% kvenna og 10% karla á aldrinum 15-24 ára frá einkennum þunglyndis (Hagstofa Íslands, 2017). Síðastliðin ár hefur orðið mikil aukning í ávísunum á þunglyndislyf hér á landi en samkvæmt upplýsingum frá Embætti landlæknis hefur mesta aukningin verið meðal 15-19 ára ungmenna. Frá árunum 2012-2016 var aukningin hjá þessum hóp um 62,2% sem telst sem mjög mikil aukning (Embætti landlæknis, 2017). Talið er að um 12-15 þúsund Íslendinga þjáist af þunglyndi á hverjum tímapunkti (Embætti landlæknis, 2012).

Þunglyndi er mun algengara meðal kvenna en karlar taka þó í mun meira mæli sitt eigið líf samanborið við konur. Talið er að um 3% unglunga í heiminum þjáist af þunglyndi

á hverjum tímapunkti en sjúkdómurinn er algengastur meðal fólks á aldrinum 25-44 ára. Til eru ólíkar tegundir þunglyndis, þær eru til að mynda vægt- eða alvarlegt þunglyndi, fæðingarþunglyndi, skammdegisþunglyndi og geðhvörf (Buckman og Charlish, 2002).

Áhættuþættir þunglyndis geta verið bæði líffræðilegir og umhverfistengdir. Rannsóknir hafa sýnt fram á að einkenni þunglyndis geta verið ættgeng, en þá geta erfðir haft áhrif á það að einstaklingar upplifi einkenni þunglyndis einhvern tímann á lífsleiðinni (Glowinski, Madden, Bucholz, Linskey og Heath, 2003). Tölur sýna að alvarlegt þunglyndi er allt að þrisvar sinnum algengara meðal einstaklinga sem eiga foreldra sem glímt hafa við sjúkdóminn (American Psychiatric Association, 2013). Umhverfið sem einstaklingur elst upp í getur einnig haft áhrif á það hvort hann mun upplifa þunglyndiseinkenni seinna meir. Til dæmis geta streituvekjandi atburðir, svo sem skilnaður eða rífrildi foreldra, aukið líkur á því að einstaklingar upplifi einkenni þunglyndis seinna á lífsleiðinni (Gilman, Kawachi, Fitzmaurice og Buka, 2003). Einelti sem einstaklingar verða fyrir á lífsleiðinni getur einnig aukið líkur á að þeir þrói með sér einkenni sjúkdómsins seinna meir (Bond, Carlin, Thomas, Rubin og Patton, 2006; Fekkes, Pijpers og Verloove-Vanhorick, 2004). Lág efnahagsleg staða barna í æsku er einnig áhættuþáttur, en hún getur aukið líkur á þunglyndiseinkennum á unglingsárunum (Butler, 2014; Gilman Kawachi, Fitzmaurice og Buka, 2003).

1.3.2 Kvíði

Greiningakerfið DSM-5 (American Psychiatric Association, 2013) skilgreinir alls 12 ólíkar gerðir kvíða, þær eru til að mynda; félagsfælni (*social phobia*) sem er fælni sem tengist félagslegum aðstæðum, einstaklingurinn forðast það að vera í miklum mannfjölda eða vera í aðstæðum þar sem hann telur að hann geti orðið sér til skammar. Þráhyggju- og árátturöskun (*obsessive-compulsive disorder*) einkennist af endurtekinni hugsun og hegðun sem orsakar mikinn kvíða hjá einstaklingnum og hefur truflandi áhrif á líf hans. Áfallastreituröskun (*posttraumatic stress disorder*) lýsir sér þannig að einstaklingurinn er sífellt að endurupplifa liðinn atburð sem ógnaði lífi hans eða öryggi. Almenn kvíðaröskun (*generalized anxiety disorder*) einkennist af miklum kvíða og áhyggjum sem hafa truflandi áhrif á líf einstaklingsins. Einkenni almennrar kvíðaröskunar geta verið ýmist líkamleg, hegðunartengd eða birst í hugsun einstaklingsins. Einstaklingar með almenna

kvíðaröskun geta meðal annars upplifað einkenni á borð við svefnvandamál, þráhyggjur, þirring og höfuðverk.

Eins og komið hefur fram fara einkenni kvíða og þunglyndis oft saman, til að mynda upplifa einstaklingar sem þjást af þunglyndi oft einnig kvíðaköst, glíma við félagsfælni eða sýna einkenni árattu- og þráhyggjuröskunar (Buckman og Charlish, 2002). Kvíði verður sífellt algengari meðal ungs fólks en rannsóknir sýna að stúlkur eru mun líklegri til þess að greinast með kvíðaröskun samanborið við stráka (Ahmed og Alansari, 2004). Rannsókn Costello, Mustillo, Erkanli, Keeler og Angold (2003) á 1.420 ungmönnum sýndi að við 16 ára aldur hafði um það bil 12% stúlkna greinst með kvíðaröskun samanborið við 7,7% drengja. Í rannsókn Lewinsohn, Gotlib, Lewinsohn, Seeley og Allen (1998) sýndu niðurstöður að einkenni kvíða koma fyrr fram hjá stúlkum en strákum og einnig voru þær helmingi líklegri en strákar til þess að upplifa þessi einkenni (Lewinsohn o.fl., 1998). Rannsóknir hafa sýnt fram á genatengd áhrif í tengslum við kvíða en þá hafa niðurstöður sýnt að þau börn sem eiga foreldra sem þjást af kvíða eru líklegri en önnur til þess að upplifa einkenni kvíða sjálf (Biederman o.fl., 2001; Zavos, Gregory og Eley, 2012).

Rannsóknir hafa einnig sýnt að kynþroski sem á sér stað á unglingsárunum getur tengst því að ungmenni þrói með sér kvíða. Blumenthal og félagar (2011) gerðu rannsókn á félagskvíða meðal 138 ungmenna á aldrinum 12-17 ára. Niðurstöður þeirra sýndu að þær stúlkur sem fóru snemma í gegnum kynþroska voru mun líklegri til að upplifa einkenni félagskvíða samanborið við önnur ungmenni.

Ákveðnir þættir í umhverfi einstaklingsins geta einnig ýtt undir það að þeir þrói með sér kvíða. Rannsókn McCabe, Antony, Summerfeldt, Liss og Swinson (2003) á kvíðaeinkennum og einelti sýndi fram á að þeir einstaklingar sem höfðu orðið fyrir einelti í æsku eða á unglingsárunum upplifðu fleiri kvíðaeinkenni bæði á unglingsárunum og í æsku samanborið við þá sem ekki höfðu orðið fyrir einelti.

1.4 Skuldbinding, andleg líðan og brotthvarf

Eins og áður hefur verið greint frá er ákvörðunin um að hætta í námi sjaldan auðveld en margar ástæður geta verið fyrir því að ungmenni ákveða að hætta. Skuldbinding þeirra til bæði náms og skóla virðist skipta miklu máli þegar kemur að brotthvarfi en eins og áður hefur komið fram sýna rannsóknir að áður en brotthvarf á sér stað dregur úr skuldbindingu nemenda (Archambault o.fl., 2009; Fredricks o.fl., 2004). Eftir því sem

skuldbinding minnkar eykst því hættan á því að ungmenni hætti í námi. Rannsóknir hafa einnig sýnt að þeir nemendur sem sýna neikvæða skólahegðun, mæta illa undirbúnir eða skrópa í kennslustundir og eiga erfitt með að fylgja þeim reglum sem gilda í skólanum eru líklegri en aðrir til þess að hætta í námi (Rumberger, 1995).

Nokkrar rannsóknir hafa skoðað tengsl milli andlegrar líðan ungmenna og skuldbindingar en þær rannsóknir hafa aðallega beinst að þunglyndi í þessu sambandi. Í rannsókn Li, Bebiroglu, Phelps, Lerner og Lerner (2008) á 1.567 ungmennum í kringum 14 ára aldur sýndu niðurstöður að þeir nemendur sem voru hegðunarlega- og tilfinningalega skuldbundnir skólanum, þ.e. mættu undirbúnir í kennslustundir, voru með góða ástundun og fundu væntumþykju frá samnemendum og kennurum voru með betri námsárangur. Þessir nemendur voru einnig með færri þunglyndiseinkenni samanborið við þá sem voru minna hegðunar- og tilfinningalega skuldbundnir skólanum.

Carter, McGee, Taylor og Williams (2007) sýndu fram á svipaðar niðurstöður. Þátttakendur í rannsókninni voru ungmenni á aldrinum 11-16 ára. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að þau ungmenni sem voru meira tilfinningalega skuldbundin skólanum, þ.e. fundu væntumþykju frá starfsfólki innan skólans, fannst kennarar koma vel fram við sig og fannst þeir vera hluti af skólanum sýndu færri þunglyndiseinkenni og upplifðu færri sjálfsvígshugsanir en þau ungmenni sem voru ekki eins tilfinningalega skuldbundin skólanum.

Sambærilegar niðurstöður er að finna í rannsókn Li og Lerner frá árinu 2011. Þátttakendur í rannsókninni voru 1.977 ungmenni í 5.-8. bekk (10-14 ára). Hegðunarleg skuldbinding var metin út frá þremur þáttum, þ.e. ástundun nemenda, hversu vel undirbúnir þeir mættu í kennslustundir og hvort þeir höfðu meðferðis bækur og önnur námsgögn. Tilfinningaleg skuldbinding var metin með spurningum sem tengdust því hversu vænt nemendum þótti um skólann og hvort þeir töldu að samnemendum og kennurum þætti vænt um þá. Niðurstöður sýndu að hegðunarleg- og tilfinningaleg skuldbinding hafði jákvæð áhrif á námsárangur ungmenna. Niðurstöður sýndu jafnframt að þau ungmenni sem voru hegðunarlega- og tilfinningalega skuldbundnari skólanum upplifðu í minna mæli þunglyndiseinkenni samanborið við þau ungmenni sem voru minna hegðunarlega- og tilfinningalega skuldbundin skólanum.

Tengsl andlegrar líðan og brotthvarfs hafa einnig verið könnuð en þær rannsóknir hafa sýnt að þau börn sem upplifa einkenni kvíða á grunnskólaaldri eru líklegri en önnur til þess að hætta í námi seinna meir (Duchesne, Vitaro, Larose og Tremblay, 2008). Duchesne (2008) og félagar telja hugsanlegar ástæður fyrir þessu vera þær að þau börn sem upplifa mikinn kvíða í grunnskóla eru með ólíkan hugsunarhátt en önnur. Þau hafa neikvæðari sýn á sig sem nemendur, búast frekar við lélegu námsgengi og finnst þau hafa litla stjórn á náminu. Rannsókn Quiroga, Janosz, Bisset og Morin (2013) sýndi til að mynda að einstaklingar með þunglyndiseinkenni eru líklegri til þess að hætta í námi vegna þess að þeir efuðust um getu sína í námi. Þó sýndu niðurstöðurnar að stúlkur voru líklegri til þess að upplifa einkenni þunglyndis samanborið við stráka, þó svo að þær sýndu fram á betri námsárangur.

Verboom, Sijtsema, Verhulst, Penninx og Ormel (2014) skoðuðu áhrif þunglyndis á námsárangur unglinga. Um langtímarannsókn var að ræða en þátttakendur í rannsókninni voru 2.230 ungmenni á aldrinum 10-18 ára. Þátttakendur svöruðu spurningum á þremur tímapiptum, spurningarnar tengdust andlegri líðan, námsárangri og félagsfærni. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að þunglyndi spáði fyrir um námsárangur nemenda, þá var einnig um gagnvirk áhrif að ræða í þessu sambandi en aðeins meðal stúlkna. Niðurstöður sýndu jafnframt að þau ungmenni sem upplifðu fleiri einkenni þunglyndis voru einnig líklegri til að eiga við félagsleg vandamál að stríða, samanborið við þau ungmenni sem ekki upplifðu þunglyndiseinkenni.

Rannsóknir hafa einnig sýnt að einstaklingar sem upplifa tilfinningalega erfiðleika, svo sem einkenni þunglyndis, eru líklegri til þess að hætta í námi samanborið við aðra (McLeod og Kaiser, 2004). Rannsókn Daniel og féлага (2006) beindist að tengslum milli lestrarerfiðleika, þunglyndiseinkenna á borð við sjálfsvígshugsanir og brotthvarfs meðal 188 unglinga við 15 ára aldur. Niðurstöður sýndu að þau ungmenni sem áttu við lestrarerfiðleika að stríða upplifðu mun oftár sjálfsvígshugsanir og höfðu einnig gert fleiri tilraunir til sjálfsvígs samanborið við önnur ungmenni. Niðurstöður sýndu einnig að þau ungmenni sem glímdu við lestrarerfiðleika voru mun líklegri til þess að hætta í námi. Þunglyndi virðist því ekki einungis hafa tengsl við námsárangur ungmenna heldur getur það einnig spilað stóran þátt í brotthvarfi ungmenna úr námi.

Svandís Nína Jónsdóttir og félagar (2003) skoðuðu andlega líðan ungmenna innan og utan framhaldsskóla og sýndu niðurstöður að andleg líðan ungmenna utan skóla var

talsvert verri samanborið við andlega líðan ungmenna sem stunduðu nám við framhaldsskóla. Þá greindu um 38% ungmenna utan framhaldsskóla frá því að andleg heilsa þeirra væri sæmileg eða léleg, samanborið við 21% ungmenna innan skóla. Niðurstöður sýndu jafnframt að hlutfall ungmenna sem upplifðu einkenni þunglyndis og töldu sig stundum eða oft vera einmana var mun hærra hjá ungmönnum utan skóla. Þessar niðurstöður benda til þess að þau ungmenni sem hætta í námi líði verr en þeim sem stunda nám við framhaldsskóla. Í rannsókn Van Ameringen, Mancini og Farvolden (2003) greindu um 24% þátttakenda í rannsókninni sem hætt höfðu í námi frá því að kvíðaröskun þeirra væri meginástæðan fyrir brotthvarfi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2014) hefur markvisst unnið að því að reyna að draga úr brotthvarfi meðal framhaldsskólanema hér á landi. Ráðuneytið aflaði upplýsinga um helstu ástæður fyrir brotthvarfi frá framhaldsskólanemendum sem hætt höfðu í námi árið 2013. Þegar nemendur voru beðnir um að tilgreina eina ástæðu fyrir brotthvarfinu sýndu niðurstöður að ein af helstu ástæðum fyrir brotthvarfi nemenda var andleg líðan. Þá hafa rannsakendur bent á að hugsanleg ástæða fyrir tengslum milli andlegrar líðan og brotthvarfs geti verið sú að bæði þunglyndis- og kvíðaeinkenni draga úr sjálfstrausti og félagslegri virkni ungmenna. Þessi einkenni hafa einnig þau áhrif að þau draga úr hvatningu nemenda bæði til náms og skóla (Sagatun, Heyerdahl, Wentzel-Larsen og Lien, 2014).

Ef marka má ofangreinda umfjöllun má gera ráð fyrir því að þau ungmenni sem eru með verri andlega líðan séu minna skuldbundin skólanum (Carter, McGee, Taylor og Williams, 2007; Li, Bebiroglu, Phelps, Lerner og Lerner, 2008; Li og Lerner, 2011) og eru þar af leiðandi líklegri til þess að hverfa frá námi (Rumberger, 1995; Quiroga, Janosz, Bisset og Morin, 2013).

1.5 Rannsóknarspurningar

Eins og greint hefur verið frá spilar andleg líðan stóran þátt í því að ungmenni ákveða að hætta í námi (Mcleod og Kaiser, 2004; Quiroga o.fl., 2013; Duchesne o.fl., 2008; Van Ameringen o.fl., 2003). Rannsóknir sýna að bæði hegðunar- og tilfinningaleg skuldbinding spáir fyrir um námsárangur og andlega líðan (Li o.fl., 2008; Li og Lerner, 2011). Þá er einnig um gagnvirk áhrif að ræða, þ.e. góður námsárangur og líðan spáir einnig fyrir um hegðunar- og tilfinningalega skuldbindingu (Li og Lerner, 2011). Skuldbinding gegnir lykilhlutverki í brotthvarfsferlinu sjálfu, þá sýna rannsóknir að eftir því sem skuldbinding nemenda til náms og skóla minnkar því nær færast þau ákvörðuninni að hætta í námi (Archambault o.fl., 2009; Fredricks o.fl., 2004). Ef miðað er við niðurstöður fyrri rannsókna má ætla að andleg líðan tengist bæði hegðunar- og tilfinningalegri skuldbindingu og spái fyrir um brotthvarf frá námi, en lítið er um rannsóknir á þessu sviði. Rannsóknarspurningarnar eru því:

1. a) Spáir andleg líðan og tilfinningaleg og hegðunarleg skuldbinding nemenda í framhaldsskóla fyrir um námsstöðu þeirra sex árum síðar?
1. b) Kemur forspá andlegrar líðan og skuldbindingar fram að teknu tilliti til bakgrunns nemenda og fyrri námsárangurs?

Könnuð var forspá andlegrar líðan, félagslegrar skuldbindingar, samsömunar við skóla og neikvæðrar skólahegðunar 16 og 17 ára nemenda um hvort þeir höfðu lokið námi í framhaldsskóla við 22 og 23 ára aldur. Tekið var tillit til bakgrunns nemenda og fyrri námsárangurs. Einnig var tekið var tillit til menntunarstigs foreldra en rannsóknir hafa sýnt að því meiri menntun sem foreldrar hafa, því betri er andleg líðan þeirra (Costello, Swendsen, Rose og Dierker, 2008) og því minni líkur eru á að ungmennin hætti í námi (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002).

Aðferð

Þátttakendur

Þessi rannsókn byggist á gögnum úr langtímarannsókn Jóns Torfa Jónssonar og Kristjönu Stellu Blöndal en hún ber heitið *Námsframvinda nemenda og skilvirkni framhaldsskóla*. Lagður var fyrir spurningalisti í öllum framhaldsskólum á landinu, bæði um vorið og haustið 2007. Alls svöruðu 3.740 ungmenni á aldrinum 16-24 ára spurningalistanum en svarhlutfallið var um 77%. Kynjahlutfallið var nokkuð jafnt, stúlkurnar sem svöruðu voru alls 1.933 (52%) talsins en strákar 1.807 (48%).

Notast var við tilviljunarúrtak úr bekkjum eða áföngum í hverjum skóla. Í stærri skólum voru tveir hópar valdir á hverju námsári samanborið við einn í minni skólum. Í þeim skólum sem voru fámennir lenti allur skólinn í úrtakinu. Millistærðarskólum var skipt tilviljunarkennt upp svo í um það bil helmingi tilfella voru tveir hópar á námsári valdir og einn úr hinum helmingi skólanna. Í þeim skólum þar sem bæði bók- og starfsnám var í boði var einn hópur úr hvorum flokki á hverju námsári valinn. Einnig var reynt að ná til nýbúa með viðbótarúrtaki í skólum þar sem almennar deildir voru í boði og mikið var um nýbúa (Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónsson og Sólrún Sigvaldadóttir, 2016).

Í þessari rannsókn var notast við svör 1.803 ungmenna sem voru 16 og 17 ára þegar könnunin fór fram. Kynjahlutfall var nokkuð jafnt, alls voru strákar 869 talsins samanborið við 934 stúlkur. Rannsóknin er með langtímasniði þar sem svör ungmennanna frá 2007 voru tengd við upplýsingar frá Hagstofu Íslands um námsferil þeirra, þar með talið upplýsingar um námsstöðu (hvort ungmennin höfðu útskrifast, voru í námi eða hættir í skóla) til ársloka 2013 eða þegar þau voru 22 og 23 ára (Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2016).

Mælitæki

Spurningalistinn í rannsókninni innihélt spurningar um ákveðna þætti sem tengjast námsvenjum, námsgengi, félagslífi og fleiru. Þá var spurt um andlega líðan nemenda, skuldbindingu til skóla, viðhorf þeirra til skóla og stuðning frá foreldrum. Í þessari rannsókn var notast við kvarða sem tengdust andlegri líðan ungmenna ásamt tilfinningalegri og hegðunarlegri skuldbindingu til náms og skóla og byggjast á þáttgreiningu (Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2016). Auk þess var notast við spurningar um menntunarstig foreldra, það er hvort foreldrar þátttakenda höfðu lokið grunnskóla-,

framhaldsskóla- eða háskólaprófi. Ef ósamræmi var í menntunarstigi foreldra var miðað við það foreldri sem hafði hærra menntunarstig. Búnar voru til vísibreytur fyrir menntunarstig foreldra í aðhvarfsgreiningu. Þá voru foreldrar þátttakenda með grunnskólapróf bornir saman við foreldra þeirra þátttakenda sem voru með framhaldsskólapróf annars vegar og háskólapróf hins vegar.

Andleg líðan var metin með kvarðanum *Líðan unglinga* eftir Sigurgrím Skúlason hjá Menntamálastofnun (Sjá Anna Katrín Ragnarsdóttir, 2015). Kvarði Sigurgríms Skúlasonar inniheldur 12 atriði sem tengjast einkennum bæði þunglyndis og kvíða ásamt spurningum um félagslega þátttöku og einangrun. Notast var við átta atriði í samræmi við niðurstöður þáttgreiningar (Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2016). Svarkvarðinn var fjögurra punkta frá lágsta gildi „á mjög illa við mig“ til hæsta gildis „á mjög vel við mig“. Atriðin voru til að mynda „Ég hef nýlega sleppt einhverju skemmtilegu vegna þess að mér leið illa“ og „Ég kvíði því oft að fara í skólann“. Kvarðinn tekur gildi á bilinu einn til fjórir, því hærra gildi því betri líðan. Alfa í þessari rannsókn var 0,85 (Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2016).

Tvær mælingar voru notaðar til að meta tilfinningalega skuldbindingu, þ.e. félagsleg skuldbinding og samsömun við skóla. Félagleg skuldbinding metur hversu vel nemandi gengur að tengjast samnemendum sínum og hvaða viðhorf hann hefur til félagslífsins í skólanum. Fjögur atriði á fimm punkta kvarða voru notuð til þess að meta félagslega skuldbindingu nemenda, atriðin voru til að mynda „Ég hlakka til að hitta félagi mína í skólanum“ og „Það er góður andi í skólanum“. Alfa í þessari rannsókn var 0,75 (Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2016). Samsömun við skóla tengist líðan nemenda í skólanum og hvernig þeir tengjast við skólann. Fjögur atriði á fimm punkta kvarða voru notuð til þess að mæla samsömun við skóla, þau voru til dæmis: „Mig langar til að skipta um skóla“ og „Ég er ánægð/ur með skólann sem ég er í“. Alfa í þessari rannsókn var 0,82 (Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2016).

Neikvæð skólahegðun tengist bæði lítilli þátttöku og virkni í námi. Notuð voru fimm atriði til að mæla neikvæða skólahegðun, þau voru meðal annars „Ég fresta verkefnum fram á síðustu stundu“, „Ég sinni heimanáminu jafn óðum“ og „Ég skrópa í kennslustundum“. Fimm punkta kvarði frá „aldrei“ til „alltaf“ var notaður til að mæla atriðin. Í þessari rannsókn var alfa 0,78 (Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2016).

Mælingarnar þrjár á skuldbindingu voru metnar á kvarðanum einn til fimm, því hærra gildi því meiri tilfinningaleg skuldbinding og neikvæð skólahegðun.

Upplýsingar um námsárangur nemenda í íslensku og stærðfræði á samræmdum prófum í 10. bekk í grunnskóla voru fengnar hjá Námsmatsstofnun. Hér er notast við meðaltal einkunna í greinunum tveimur við úrvinnslu gagnanna.

Upplýsingar um brotthvarf voru fengnar frá Hagstofu Íslands en þá var skoðað hvort ungmennin höfðu útskrifast við 22 og 23 ára aldur. Þá voru þeir nemendur sem ekki höfðu útskrifast úr framhaldsskóla né voru í námi við þennan aldur skilgreindir sem brotthvarfsnemendur.

Framkvæmd

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands fór með umsjón yfir framkvæmd rannsóknarinnar *Námsframvinda nemenda og skilvirkni framhaldsskóla*. Haft var samband við skólastjórnendur allra framhaldsskóla á landinu í desember árið 2006, rannsóknin var kynnt og skólarnir beðnir um að taka þátt. Allir samþykktu þeir þátttöku og gagnasöfnun fór fram vor og haust árið 2007.

Tilkynnt var um rannsóknina til Persónuverndar, númer S3107/2006 og S3536/2007. Þeir þátttakendur sem ekki höfðu náð 18 ára aldri fengu sent bréf á lögheimili sitt þar sem óskað var eftir leyfi foreldra fyrir því að ungmennin mættu taka þátt í rannsókninni. Ef foreldrar vildu ekki að þeirra barn tæki þátt í rannsókninni voru þeir vinsamlegast beðnir um að setja sig í samband við Félagsvísindastofnun. Alls kusu foreldrar 13 ungmenna að þau tækju ekki þátt í rannsókninni.

Spurningalistinn var lagður fyrir þá nemendur sem mættir voru í kennslustund í þeim bekkjum eða áföngum sem voru í úrtakinu. Farið var eftir stöðluðum leiðbeiningum við fyrirlögn listans og útskýrt var fyrir þátttakendum að þeir þyrftu hvorki að svara öllum listanum eða einstökum spurningum.

Tölfræðileg úrvinnsla gagna

Frumbreytur rannsóknarinnar voru átta: bakgrunnur nemenda (kyn, aldur og menntun foreldra), námsárangur á samræmdum prófum í 10. bekk grunnskóla, andleg líðan, félagsleg skuldbinding, samsömun við skóla og neikvæð skólahegðun. Fylgibreytan var

námsstaða, þ.e. hvort nemendur höfðu lokið námi úr framhaldsskóla eða ekki við 22 og 23 ára aldur.

Notast var við tölfræðiforritið SPSS, 20. útgáfu, við tölfræðilega úrvinnslu gagna. Notast var við lýsandi tölfræði, fylgni (*correlation*) og marghliða aðhvarfsgreiningu hlutfalls (*logistic regression*).

2 Niðurstöður

Í þessum kafla eru niðurstöður kynntar en þá er fjallað um tengsl milli andlegrar líðan, hegðunar- og tilfinningalegrar skuldbindingar og brotthvarfs. Byrjað verður á að sýna lýsandi tölfræði brotthvarfsnemenda eftir bakgrunni þeirra, fyrri námsárangri og menntun foreldra. Þá er fjallað um fylgni frumbreyta við fylgibreytu. Að lokum eru niðurstöður aðhvarfsgreiningar hlutfalls (*logistic regression*) kynntar.

Tafla 1 sýnir fjölda svarenda ásamt meðaltölum og hlutfalli brotthvarfs eftir aldri, kyni, fyrri námsárangri og menntun foreldra. Rannsóknin nær til 1.608 ungmenna. Við 22 og 23 ára aldur höfðu 1.256 þeirra útskrifast úr framhaldsskóla (78%) og 352 (22%) voru brotthvarfsnemendur, þ.e. voru hvorki í skóla né höfðu útskrifast. Þá voru 189 ungmenni í námi í framhaldsskóla í árslok 2013 og var þeim sleppt í þessari rannsókn ásamt þeim sex nemendum sem upplýsingar um námsstöðu vantaði fyrir. Eins og sjá má í töflu 1 voru strákar líklegri en stúlkur til að hafa ekki lokið framhaldsskóla, $\chi^2(1, N = 1.608) = 33,1, p < 0,001$. Þá má sjá að af þeim 760 strákum sem tóku þátt voru um 28% sem höfðu ekki lokið námi. Hærra hlutfall nemenda sem voru 16 ára en þeirra sem voru 17 ára þegar könnunin fór fram hafði horfið frá námi, $\chi^2(1, N = 1.608) = 22,3, p < 0,001$. Þá mældist munur á brotthvarfi eftir meðaleinkunn á samræmdum prófum í 10. bekk í íslensku og stærðfræði $\chi^2(3, N = 1.567) = 339,9, p < 0,001$. Eftir því sem nemendur voru með hærri einkunn því ólíklegra var að þeir hyrfu frá námi. Hlutfall brotthvarfsnemenda var sérstaklega hátt í lægsta hópnum þar sem rúmur helmingur hafði ekki lokið neinu framhaldsskólanámi við 22 og 23 ára aldur. Eftir því sem foreldrar voru með meiri menntun því minni líkur voru á því að ungmennin hefðu hætt námi $\chi^2(2, N = 504) = 45,4, p < 0,001$. Þá má sjá að af þeim 653 nemendum sem áttu foreldra með háskólapróf höfðu um 13% hætt í námi samanborið við 33% þeirra 199 nemenda sem áttu foreldra með grunnskólapróf.

Tafla 1. Brotthvarfsmenndur eftir kyni, aldri, menntun foreldra og fyrri námsárangri

	Brotthvarf %	Fjöldi alls
Kyn		
Strákar	28,2	760
Stúlkur	16,2	848
Aldur		
16 ára	27,0	758
17 ára	17,3	850
Menntun foreldra		
Grunnskólapróf	33,7	199
Framhaldsskólapróf	22,9	652
Háskólapróf	13,2	653
Fyrri námsárangur		
Lægstu 25%	54,8	345
26-50%	23,7	388
51-75%	11,3	415
Hæstu 25%	2,6	419

Skýring: Marktekt byggist á niðurstöðum kí-kvaðrat

Tafla 2. Fylgni rannsóknarbreyta

	Kyn	Aldur	Andleg líðan	Neikvæð skólahegðun	Félagsleg skuldb.	Samsömun við skóla	Einkunnir	Menntun foreldra	Brotthvarf
Kyn	1								
Aldur	0,03	1							
Andleg líðan	-0,02	-0,05*	1						
Neikvæð skólahegðun	-0,16***	0,07**	-0,25***	1					
Félagsleg skuldbinding	0,08**	-0,03	0,41***	-0,13***	1				
Samsömun við skóla	-0,03	0,02	0,31***	-0,20***	0,50***	1			
Einkunnir	0,12***	0,18***	0,13***	-0,07**	0,19***	0,17***	1		
Menntun foreldra	-0,06**	0,06*	0,06**	0,02	0,15***	0,12***	0,28***	1	
Brotthvarf	-0,14***	-0,12***	-0,16***	0,19***	-0,14***	-0,16***	-0,46***	-0,17**	1

Athugasemd við töflu: * $p < 0,05$ ** $p < 0,01$ *** $p < 0,001$. Strákar eru með gildið 1 og stúlkur gildið 2. Fylgibreytan er kóðuð þannig að þeir einstaklingar sem höfðu útskrifast fá gildið 0 og þeir sem ekki höfðu lokið námi og voru ekki í framhaldsskóla við 22 og 23 ára aldur fá gildið 1.

Tafla 2 sýnir innbyrðis tengsl milli þeirra rannsóknarbreyta sem notaðar voru í rannsókninni. Útreikningar byggjast á Pearson fylgnistuðli fyrir utan fylgni menntunar við aðrar breytur, en hún byggist á raðfylgni, þ.e. Spearman fylgnistuðlinum. Eins og sjá má í töflu 2 komu fram marktæk tengsl á milli andlegrar líðan og skuldbindingarbreytanna þriggja við brotthvarf frá námi. Brotthvarfsnemendur sýndu verri líðan, minni félagslega skuldbindingu og samsömun við skóla og meiri neikvæða skólahegðun samanborið við þá sem höfðu útskrifast. Þá voru brotthvarfsnemendur með lægri meðaleinkunn á samræmdum prófum í íslensku og stærðfræði í 10. bekk samanborið við útskrifaða nemendur. Andleg líðan tengdist marktækt skuldbindingabreytunum þremur, þ.e. því betri líðan því meiri félagsleg skuldbinding og samsömun við skóla og því minni neikvæð skólahegðun. Innbyrðis marktæk tengsl komu auk þess fram á milli skuldbindingabreytanna, þ.e. því meiri neikvæð skólahegðun, því minni félagsleg skuldbinding og samsömun. Einnig sýndu niðurstöður að því meiri félagsleg skuldbinding því meira samsömuðu nemendur sig skólanum (Sjá töflu 2).

Niðurstöður fyrir fylgni bakgrunns nemenda við aðrar frumbreytur sýndu að samanborið við stráka voru stúlkur almennt með hærri meðaleinkunn á samræmdum prófum í íslensku og stærðfræði í 10. bekk. Stúlkur sýndu að jafnaði meiri félagslega skuldbindingu og minni neikvæða skólahegðun en strákar. Mjög veik en þó marktæk tengsl mældust milli aldurs og neikvæðrar skólahegðunar, þ.e. þeir nemendur sem voru 16 ára þegar þeir svöruðu könnuninni sýndu að jafnaði minni neikvæða skólahegðun samanborið við þá nemendur sem voru 17 ára þegar könnunin fór fram. Þá sýndu niðurstöður að strákar voru líklegri en stúlkur til þess að hætta í námi. Auk þess sýndu niðurstöður að því hærra menntunarstig sem foreldrar höfðu því hærri meðaleinkunn voru nemendur með á samræmdum prófum í íslensku og stærðfræði í 10. bekk í grunnskóla. Einnig kom fram að eftir því sem menntunarstig foreldra hækkaði því betri var andleg líðan ungmennanna og því minni líkur voru á brotthvarfi þeirra úr framhaldsskóla við 22 og 23 ára aldur (Sjá töflu 2).

Marktæk tengsl komu fram milli námsárangurs nemenda í 10. bekk í grunnskóla og skuldbindingarbreytanna þriggja. Eftir því sem nemendur voru með hærri meðaleinkunn á samræmdum prófum í stærðfræði og íslensku í 10. bekk í grunnskóla sýndu þeir meiri samsömun við skóla, meiri félagslega skuldbindingu og minni neikvæða skólahegðun. Þeir nemendur sem voru með hærri meðaleinkunn voru einnig með betri

andlega líðan samanborið við þá sem voru með lægri meðaleinkunn á samræmdum prófum í 10. bekk.

Í töflu 3 eru niðurstöður aðhvarfsgreiningar hlutfalls kynntar. Aðhvarfsgreining hlutfalls var framkvæmd til þess að meta áhrif ákveðinna þátta á líkur á brotthvarfi. Notast var við þreppagreiningu. Í fyrsta þrepi var forspá bakgrunns nemenda við brotthvarf úr framhaldsskóla við 22 og 23 ára aldur metin. Í öðru þrepi var forspá andlegrar líðan og skuldbindingar nemenda þegar þeir voru 16 og 17 ára metin. Í þriðja þrepi var kannað hvaða áhrif það hefði að bæta námsárangri nemenda á samræmdum prófum í íslensku og stærðfræði í 10. bekk í grunnskóla við forspárjöfnuna.

Tafla 3. Niðurstöður aðhvarfsgreiningar hlutfalls (*logistic regression*) fyrir brotthvarf nemenda

	þrep 1			þrep 2			þrep 3		
	<i>B</i>	<i>SE(B)</i>	<i>Hlutfalls- líkindi</i>	<i>B</i>	<i>SE(B)</i>	<i>Hlutfalls- líkindi</i>	<i>B</i>	<i>SE(B)</i>	<i>Hlutfalls- líkindi</i>
Fasti (constant)	10,34	2,34	30803	13,85	2,55	1037072	13,17	2,84	526565
Bakgrunnur nemenda									
Kyn	-0,73	0,14	0,48***	-0,67	0,15	0,51***	-0,49	0,17	0,62**
Aldur	-0,60	0,14	0,55***	-0,76	0,15	0,47***	-0,54	0,17	0,58***
Grunnskólapróf vs. Framhaldsskólapróf	-0,58	0,19	0,56**	-0,50	0,20	0,61**	-0,37	0,22	0,69
Grunnskólapróf vs. Háskólapróf	-1,35	0,21	0,26***	-1,27	0,21	0,28***	-0,73	0,24	0,48**
Skuldbinding									
Neikvæð skólahegðun				0,60	0,12	1,83***	0,72	0,12	2,06***
Félagsleg skuldbinding				-0,08	0,12	0,92	0,06	0,14	1,07
Samsömun við skóla				-0,23	0,09	0,80*	-0,19	0,11	0,83
Andleg líðan				-0,41	0,13	0,66**	-3,34	0,14	0,72**
Einkunnir									
Fyrri námsárangur							-0,17	0,01	0,84***
<i>Nagelkerke R²</i>	0,10			0,18			0,40		

Athugasemd við töflu: * $p < 0,05$ ** $p < 0,01$ *** $p < 0,001$. Strákar eru með gildið 0 og stúlkur gildið 1.

Fyrir brotthvarf eru þeir einstaklingar sem hafa útskrifast með gildið 0 en þeir sem ekki höfðu lokið námi né voru í framhaldsskóla við 22 og 23 ára aldur með gildið 1.

þrep 1, hlutfallslíkindi $\chi^2(4, N = 1370) = 229,9, p < 0,001$

þrep 2, hlutfallslíkindi $\chi^2(8, N = 1370) = 170,1, p < 0,001$

þrep 3, hlutfallslíkindi $\chi^2(9, N = 1370) = 400,1, p < 0,001$

Taflan sýnir hlutfallslíkindi (*odds ratio*) þar sem hlutfallslíkindi yfir 1 sýna auknar líkur á brotthvarfi samanborið við að hlutfallslíkindi undir 1 draga úr líkum á brotthvarfi. Við úrvinnslu gagna var útskrift úr framhaldsskóla skilgreind sem 0 en brotthvarf frá námi skilgreint sem 1.

Eins og sjá má í töflu 3 þá eru allar bakgrunnsbreytur nemenda á þrepi 1 marktækar, þ.e. allar frumbreytur spáðu fyrir um hvort ungmennin höfðu lokið

framhaldsskóla eða ekki við 22 og 23 ára aldur. Niðurstöður sýna að þau ungmenni sem áttu grunnskólamenntaða foreldra voru líklegri til að hætta í framhaldsskóla samanborið við þau ungmenni sem áttu foreldra með framhaldsskóla- og háskólapróf. Niðurstöður sýna einnig að brotthvarf var algengara meðal stráka og þeirra sem voru 16 ára þegar þeir svöruðu könnuninni samanborið við þá sem voru 17 ára þegar þeir svöruðu. Þrep 1 skýrði 10% af dreifingu fylgibreytunnar.

Á þrepi 2 haldast bakgrunnsbreytur enn marktækar ásamt andlegri líðan, samsömun við skóla og neikvæðri skólahegðun. Að teknu tilliti til bakgrunns nemenda og annarra frumbreyta í líkaninu dregur góð líðan úr líkum á brotthvarfi á meðan verri andleg líðan eykur líkur á brotthvarfi. Það sama á við um samsömun við skóla, að teknu tilliti til annarra breyta hefur minni samsömun við skóla áhrif á auknar líkur á brotthvarfi. Félagsleg skuldbinding mældist þó ekki marktæk sem bendir til þess að félagsleg skuldbinding nemenda hafi ekki áhrif á auknar líkur á brotthvarfi þegar stjórnað er fyrir bakgrunni nemenda, neikvæðri skólahegðun, samsömun við skóla og andlegri líðan nemenda. Neikvæð skólahegðun tengdist marktækt auknum líkum á brotthvarfi að teknu tilliti til annarra frumbreyta. Þrep 2 skýrði 18% af dreifingu fylgibreytunnar (Sjá töflu 3).

Á 3. þrepi var fyrri námsárangri nemenda bætt við líkanið. Niðurstöður sýndu að með teknu tilliti til fyrri námsárangurs voru þeir nemendur sem áttu foreldra með grunnskólapróf samanborið við framhaldsskólapróf marktækt líklegri til þess að hætta í námi samanborið við þá nemendur sem áttu foreldra með grunnskólapróf samanborið við háskólapróf. Andleg líðan og neikvæð skólahegðun héldust áfram marktækar þegar tekið var tillit til fyrri námsárangurs. Samsömun við skóla var á mörkum marktæktar ($p = 0,071$), sú tilhneiging birtist í því að þeir nemendur sem samsömuðu sig sterkar skólanum voru ólíklegri til að hverfa frá námi. Þrep 3 skýrði 40% af dreifingu fylgibreytunnar (Sjá töflu 3).

Því má álykta sem svo að með teknu tilliti til bakgrunnsbreyta og fyrri námsárangurs auk samsömunar við skóla og félagslegrar skuldbindingar eykur verri andleg líðan og neikvæð skólahegðun líkur á brotthvarfi ungmenna úr framhaldsskóla við 22 og 23 ára aldur.

3 Umræða

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna hvort andleg líðan, hegðunar- og tilfinningaleg skuldbinding framhaldsskólanema spái fyrir um brotthvarf úr námi sex árum síðar. Í rannsókninni voru brotthvarfsnemendur skilgreindir sem þeir einstaklingar sem hvorki höfðu útskrifast úr framhaldsskóla né voru í námi við 22 og 23 ára aldur. Niðurstöður sýndu að andleg líðan og tilfinningaleg og hegðunarleg skuldbinding 16 og 17 ára ungmenna spáði fyrir um námsstöðu sex árum síðar. Því verri andleg líðan og því minni sem skuldbinding nemenda var því líklegri voru þau að hafa ekki lokið námi við 22 og 23 ára aldur. Að auki komi fram að þótt tekið var tillit til fyrri námsárangurs sem er sá einstaki þáttur sem spáir hvað sterkast fyrir um brotthvarf auk bakgrunns nemenda, þ.e. menntunarstig foreldra og kyn, þá spáðu bæði andleg líðan og hegðunarleg skuldbinding fyrir um brotthvarf.

Þegar brotthvarf var skoðað eftir kyni, aldri, fyrri námsárangri og menntun foreldra sýndu niðurstöður að brotthvarf var meira meðal stráka en stúlkna. Því hærra menntunarstig foreldra og því hærri meðaleinkunn nemenda í íslensku og stærðfræði í 10. bekk því minni líkur voru á að nemendur hefðu horfið frá námi við 22 og 23 ára aldur. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður fyrri rannsókna (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002; Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2014; Rumberger, 2011). Þeir nemendur sem voru 16 ára þegar þeir svöruðu könnuninni voru líklegri til að hætta í námi samanborið við þá nemendur sem voru 17 ára þegar þeir svöruðu. Það má að hluta til skýra með því að í eldri hópnum var hluti nemenda þegar dottinn úr námi þegar könnunin fór fram. Þessar niðurstöður eru þó í takt við niðurstöður fyrri rannsókna sem sýnt hafa að stór hópur nemenda hættir í framhaldsskóla eftir stutt nám (Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Sólrún Sigvaldadóttir, 2016). Fyrri námsárangur nemenda spáði einnig fyrir um brotthvarf en lægri meðaleinkunn í íslensku og stærðfræði í 10. bekk í grunnskóla tengdist auknum líkum á brotthvarfi. Þessar niðurstöður eru í takt við fyrri rannsóknir (Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Sólrún Sigvaldadóttir, 2016; Rumberger, 1995).

Þeir nemendur sem voru með verri andlega líðan (t.d. langaði til að breyta mörgu í lífi sínu og kviðu því oft að mæta í skólann) voru einnig líklegri til þess að hafa ekki lokið framhaldsskóla við 22 og 23 ára aldur, samanborið við þá sem voru með betri andlega líðan. Þessar niðurstöður eru í takt við fyrri rannsóknir sem sýnt hafa að verri andleg líðan

tengist auknum líkum á brotthvarfi unglunga úr námi (Van Ameringen o.fl., 2003; Mcleod og Kaiser, 2004; Quiroga o.fl., 2013). Hugsanlega má að hluta til rekja það til þess að þeir nemendur sem voru með betri andlega líðan voru einnig félagslega skuldbundnari skólanum (t.d. fannst vera góður andi í skólanum og voru ánægðir með félagslífið í skólanum) og samsömuðu sig meira við skólann (t.d. voru ánægðir með skólann og fannst líklegt að þeir myndu útskrifast úr skólanum). Jafnframt sýndu þessir nemendur minni neikvæða skólahegðun (t.d. komu síður of seint í kennslustundir og skröpuðu síður í skólann). Þessar niðurstöður eru í takt við fyrri rannsóknir sem hafa sýnt að þau ungmenni sem eru hegðunar- og tilfinningalega skuldbundin skólanum glíma í minna mæli við þunglyndiseinkenni en önnur (Li og Lerner, 2011; Carter o.fl. 2007). Rétt er að taka fram að þetta hefur ekki verið skoðað áður með þessum hætti á Íslandi en fyrri rannsókn byggð á þessum gögnum sýndi forspá líðan um skuldbindingu (Anna Katrín Ragnarsdóttir, 2015).

Þau ungmenni sem höfðu útskrifast við 22 og 23 ára aldur voru félagslega skuldbundnari skólanum, sýndu minni neikvæða skólahegðun og samsömuðu sig meira við skólann en þau sem horfið höfðu frá námi. Þessar niðurstöður eru í takt við niðurstöður Kristjönu Stellu Blöndal, Jóns Torfa Jónassonar og Sólrúnar Sigvaldadóttur (2016) sem sýndu fram á að skuldbinding var meiri meðal þeirra sem luku framhaldsskóla heldur en hjá þeim sem ekki höfðu útskrifast.

Þegar litið var til fyrri námsárangurs sýndu niðurstöður að strákar voru almennt með lægri meðaleinkunn á samræmdum prófum í íslensku og stærðfræði í 10. bekk í grunnskóla. Ásamt því að vera með lægri meðaleinkunn voru strákar einnig með neikvæðari skólahegðun en stúlkur, þeir frestuðu frekar verkefnum fram á síðustu stundu og skröpuðu oftar í kennslustundir. Þessar niðurstöður eru í takt við aðrar rannsóknir (Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2012). Strákar voru einnig með minni félagslega skuldbindingu en stúlkur, þ.e. þeir hlökkuðu síður til að hitta félagi sína og fannst andinn í skólanum ekki eins góður og stúlkum. Þrátt fyrir betri meðaleinkunn og meiri skuldbindingu voru stúlkur almennt með verri andlega líðan en strákar en þá voru þær kvíðnari fyrir því að mæta í skólann og höfðu frekar verið niðurdregnar á þeim tíma sem þær tóku þátt í könnuninni. Þessar niðurstöður eru í takt við niðurstöður fyrri rannsókna sem sýnt hafa að stúlkur glími í meira mæli við þunglyndi og kvíða samanborið við stráka (Buckman og Charlish, 2002; Hagstofan, 2017; Lewinsohn o.fl., 1998; Sagatun o.fl., 2014).

Menntunarstig foreldra tengdist einnig andlegri líðan en þeir nemendur sem áttu foreldra með hærra menntunarstig voru með betri andlega líðan en þeir sem áttu foreldra með lægra menntunarstig. Þessar niðurstöður eru í takt við fyrri rannsóknir sem sýnt hafa að hærra menntunarstig foreldra tengist betri andlegri líðan nemenda (Costello o.fl., 2008). Niðurstöður sýndu einnig að þeir nemendur sem áttu foreldra með hærra menntunarstig voru einnig með hærri meðaleinkunn á samræmdum prófum í íslensku og stærðfræði í 10. bekk heldur en þeir sem áttu foreldra með lægra menntunarstig.

Fyrri námsárangur nemenda tengdist bæði skuldbindingu og andlegri líðan. Nemendur sem voru með hærri meðaleinkunn á samræmdum prófum í stærðfræði og íslensku í 10. bekk í grunnskóla voru með meiri skuldbindingu í framhaldsskóla, þeir samsömuðu sig frekar skólanum, voru félagslega skuldbundnari og sýndu minni neikvæðari skólahegðun. Þessir nemendur voru einnig með betri andlega líðan en þeir nemendur sem voru með lægri meðaleinkunn. Li, Bebiroglu, Phelps, Lerner og Lerner (2008) komust að sömu niðurstöðu þegar þeir sýndu fram á tengsl milli skuldbindingar, námsárangurs og andlegrar líðan. Þá sýndi rannsókn Kristjónu Stellu Blöndal og Sigrúnar Aðalbjarnardóttur (2012) einnig fram á tengsl milli námsárangurs og skuldbindingar.

Niðurstöður aðhvarfsgreiningarinnar um samspil andlegrar líðan og skuldbindingar við brotthvarf frá námi benda til mikilvægis þessara þátta fyrir farsæla skólagöngu ungmenna. Saman spáðu andleg líðan, samsömun við skóla og neikvæð skólahegðun fyrir um hvort ungmennin höfðu lokið námi 22 og 23 ára að teknu tilliti til bakgrunns nemenda og námsárangurs á samræmdum prófum í 10. bekk. Þessar niðurstöður eru mikilvægar fyrir allt það fagfólk sem vinnur í skólakerfinu, þar á meðal náms- og starfsráðgjafa, þar sem þær gefa ákveðna hugmynd um hvaða þáttum þarf sérstaklega að huga að þegar kemur að nemendum sem eru í brotthvarfshugleiðingum. Þá er óhætt að segja að fagfólk geti litið á slæman námsárangur sem ákveðinn áhættuþátt fyrir brotthvarfi frá námi. Niðurstöður rannsóknarinnar eru mikilvægar vegna þess að þær ýta undir mikilvægi þess að bæta andlega líðan til að draga úr brotthvarfi meðal íslenskra framhaldsskólanema. Náms- og starfsráðgjafar ásamt öðru fagfólki innan skólakerfisins geta nýtt niðurstöður rannsóknarinnar og unnið að því að efla skuldbindingu íslenskra framhaldsskólanema og draga þannig úr brotthvarfi frá námi. Einnig er mikilvægt fyrir náms- og starfsráðgjafa og fagfólk innan skólakerfisins að þekkja til helstu áhættuþátta sem ýta undir brotthvarf, hvort sem það er lakari námsárangur, neikvæð skólahegðun eða

verri andleg líðan nemenda. Á síðastliðnum árum hefur orðið ákveðin vitundarvakning í þjóðfélaginu á geðsjúkdómum og alvarleika þeirra. Þetta hefur þær afleiðingar í för með sér að ungt fólk á auðveldara með að viðurkenna andleg veikindi sín og leitar sér frekar hjálpar vegna þeirra. Í þessari rannsókn var notast við gögn þar sem ungmenni greindu sjálf frá andlegri líðan sinni en ef marka má niðurstöður rannsóknarinnar gefur það augaleið að skólinn getur haft mikið að segja um andlega líðan nemenda. Það að ungmenni samsami sig skólanum og séu félagslega skuldbundin honum hefur áhrif á andlega líðan þeirra og hvort þau ljúki náminu eða ekki. Það þarf því að leggja áherslu á geðrækt og heilsueflingu innan skóla landsins til þess að fyrirbyggja brotthvarf og andlega vanlíðan meðal íslenskra framhaldsskólanema.

Heimildaskrá

- Ahmed, M., A.-K., og Alansari, B. M. (2004). Gender differences in anxiety among undergraduates from ten Arab countries. *Social Behavior and Personality: An International Journal*, 32(7), 649-655. doi.org/10.2224/sbp.2004.32.7.649
- American Psychiatric Association. (2013). *Diagnostic and statistical manual of mental disorders: DSM-5 (5. útgáfa)*. Washington DC: Höfundur.
- Anna Katrín Ragnarsdóttir. (2015). *Tengsl andlegrar líðanar framhaldsskólanema við skuldbindingu þeirra til náms og skóla*. Óútgefin meistara ritgerð, Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Archambault, I., Janosz, M., Morizot, J. og Pagani, L. (2009). Adolescent Behavioral, affective, and cognitive engagement in school: relationship to dropout. *Journal of School and Health*, 79(9), 408-415. doi: 10.1111/j.1746-1561.2009.00428.x
- Biederman, J., Hirshfeld-Becker, D. R., Rosenbaum, J. F., Herot, C., Friedman, D., Snidman, N. o.fl. (2001). Further evidence of association between behavioral inhibition and social anxiety in children. *The American Journal of Psychiatry*, 158, 1673-1679. doi:10.1176/appi.ajp.158.10.167
- Bjerk, D. (2012). Re-examining the impact of dropping out on criminal and labor outcomes in early adulthood. *Economics of Education Review*, 31(1), 110–122. doi.org/10.1016/j.econedurev.2011.09.003
- Blumenthal, H., Leen-Feldner, E. W., Babson, K. A., Gahr, J. L., Trainor, C. D. og Frala, J. L. (2011). Elevated social anxiety among early maturing girls. *Developmental Psychology*, 47(4), 1133-1140. doi.org/10.1037/a0024008
- Bond, L., Carlin, J. B., Thomas, L., Rubin, K. og Patton, G. (2006). Does bullying cause emotional problems? A prospective study of young teenagers. *Journal of Learning Disabilities*, 39(6), 507-514. doi.org/10.1177/00222194060390060301
- Buckman, R. og Charlish, A. (2002). Allt sem þú þarft að vita um líf með þunglyndi. (Héðinn Unnsteinsson þýddi). Mál og menning: Reykjavík.
- Butler, A. C. (2014). Poverty and adolescent depressive symptoms. *American Journal of Orthopsychiatry*, 84(1), 82-94. doi:10.1037/h0098735
- Carter, M., McGee, R., Taylor, B. og Williams, S. (2007). Health outcomes in adolescence: Associations with family, friends and school engagement. *Journal of Adolescence*, 30(1), 51-62. doi.org/10.1016/j.adolescence.2005.04.002
- Cornell, D., Gregory, A., Huang, F. og Fan, X. (2013). Perceived prevalence of teasing and bullying predicts high school dropout rates. *Journal of Educational Psychology*, 105(1), 138-149. doi.org/10.1037/a0030416

- Costello, E.J., Mustillo, S., Erkanli, A., Keeler, G. og Angold A. (2003). Prevalence and development of psychiatric disorders in childhood and adolescence. *Archives of General Psychiatry*, 60(8), 837-44. doi:10.1001/archpsyc.60.8.837
- Costello, D. M., Swendsen, J., Rose, J. S. og Dierker, L. C. (2008). Risk and protective factors associated with trajectories of depressed mood from adolescence to early adulthood. *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, 76, 173-183. doi:10.1037/0022006X.76.2.173
- Daniel, S. S., Walsh, A. K., Goldston, D. B., Arnold, E. M., Reboussin, B. A. og Wood, F. B. (2006). Suicidality, school dropout, and reading problems among adolescents. *Journal of Learning Disabilities*, 39(6), 507-514. doi.org/10.1177/00222194060390060301
- Duchesne, S., Vitaro, F., Larose, S. og Tremblay, R. E. (2008). Trajectories of anxiety during elementary-school years and the prediction of high school noncompletion. *Journal of Youth and Adolescence*, 37(9), 1134-1146. doi: 10.1007/s10964-007-9224-0
- Embætti landlæknis. (2017). *Mikil aukning í ávísunum þunglyndislyfja á undanförunum árum*. Sótt af <http://www.landlaeknir.is/um-embættid/frettir/frett/item31934/Mikil-aukning-i-avisunum-thunglyndislyfja-a-undanfornum-arum>
- Embætti landlæknis. (2012). *Þjóð gegn þunglyndi*. Sótt af http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item16380/%c3%bejod_gegen_%c3%beunglyndi
- Eurostat. (2016). *Early leavers from education and training: Statistics explained*. Sótt af http://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php/Early_leavers_from_education_and_training
- Farahati, F., Marcotte, D. E. og Wilcox-Gök, V. (2003). The effects of parents' psychiatric disorders on children's high school dropout. *Economics of Education Review*, 22(2), 167-178. doi.org/10.1016/S0272-7757(02)00031-6
- Fekkes, M., Pijpers, F. I. M. og Verloove-Vanhorick, S. P. (2004). Bullying behavior and associations with psychosomatic complaints and depression in victims. *The Journal of Pediatrics*, 144(1), 17-22. doi:10.1016/j.jpeds.2003.09.025
- Fredricks, J. A., Blumenfeld, P., C. og Paris, A. H. (2004). School engagement: Potential of the concept, state of the evidence. *Review of Educational Research*, 74, 59-109. doi.org/10.3102/00346543074001059
- Gilman, S. E., Kawachi, I., Fitzmaurice, G. M. og Buka, S. L. (2003). Family disruption in childhood and risk of adult depression. *The American Journal of Psychiatry*, 160, 939-946. doi:10.1176/appi.ajp.160.5.939

- Glowinski, A. L., Madden, P. A. F., Bucholz, K. K., Lynskey, M. T. og Heath, A. C. (2003). Genetic epidemiology of self-reported lifetime DSM-IV major depressive disorder in a population-based twin sample of female adolescents. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 44, 988-996. doi:10.1111/1469-7610.0018
- Hagstofa Íslands. (2014). *Meira brottfall af framhaldsskólastigi utan höfuðborgarsvæðisins*. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/meira-brottfall-af-framhaldsskolastigi-utan-hofudborgarsvaedisins/>
- Hagstofa Íslands. (2016). *Færri nemendur sóttu framhaldsskóla og háskóla haustið 2014*. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/nemendur-i-framhaldsskolum-og-haskolum-2014/>
- Hagstofa Íslands. (2017). *Punglyndiseinkenni algeng á Íslandi*. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/heilbrigdismal/heilsufarsrannsokn-2015-thunglyndiseinkenni/>
- Hrefna Pálsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Birna Baldursdóttir og Jón Sigfússon (2010). *Ungt fólk utan skóla 2009- Félagsleg staða 16-20 ára ungmenna á Íslandi sem ekki stunda nám við framhaldsskóla árið 2009*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.
- Janosz, M., Le Blanc, M., Boulerice, B. og Tremblay, R. E. (2000). Predicting different types of school dropouts: a typological approach with two longitudinal samples. *Journal of Educational Psychology*, 92(1), 171-190. doi.org/10.1037/0022-0663.92.1.171
- Jia, Y., Konold, T. R. og Cornell, D. (2016). Authoritative school climate and high school dropout rates. *School Psychology Quarterly*, 31(2), 289-303. doi.org/10.1037/spq0000139
- Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal. (2002). *Ungt fólk og framhaldsskólinn. Rannsókn á námsgengi og afstöðu '75 árgangsins til náms*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfa.
- Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2012). Student disengagement in relation to expected and unexpected educational pathways. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 56, 85-100. doi:10.1080/00313831.2011.568607
- Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2014). Parenting in relation to school dropout through student engagement: a longitudinal study. *Journal of Marriage and Family*, 76, 778-795. doi:10.1111/jomf.12125
- Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir. (2013). *Óákveðni nemenda við námsval í framhaldsskóla og skuldbinding þeirra gagnvart námi og skóla*. Reykjavík: Menntavísindastofnun, Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

- Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Sólrún Sigvaldadóttir. (2016). *Sérkenni námsferils starfsnámsnemenda í framhaldsskóla. Afstaða og skuldbinding til náms, líðan og stuðningur foreldra og skóla*. Reykjavík: Menntavísindastofnun, Menntavísindasviði Háskóla Íslands.
- Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2016). Farsæl skólaganga ungmenna og þáttur foreldra. Í Guðrún Kristjánsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir og Sóley S. Bender (ritstjórar) *Ungt fólk - tekist á við tilveruna* (bls. 231-246). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Lewinsohn, P. M., Gotlib, I. H., Lewinsohn, M., Seeley, J. R. og Allen, N. B. (1998). Gender differences in anxiety disorders and anxiety symptoms in adolescents. *Journal of Abnormal Psychology, 107*(1), 109–117. doi.org/10.1037/0021-843X.107.1.109
- Li, Y., Bebiroglu, N., Phelps, E., Lerner, R. M. og Lerner, J. V. (2008). Out-of-school time activity participation, school engagement and positive youth development: findings from the 4-H Study of Positive Youth Development. *Journal of Youth Development, 3*(3), 22. doi.org/10.5195/jyd.2008.284
- Li, Y. og Lerner, R. M. (2011). Trajectories of school engagement during adolescence: implications for grades, depression, delinquency, and substance use. *Developmental Psychology, 47*, 233-247. doi:10.1037/a0021307
- McCabe, R. E., Antony, M. M., Summerfeldt, L. J., Liss, A. og Swinson, R. P. (2003). Preliminary examination of the relationship between anxiety disorders in adults and self-reported history of teasing or bullying experiences. *Cognitive Behaviour Therapy, 32*(4), 187-193. doi:10.1080/16506070310005051
- McLeod, J. D. og Kaiser, K. (2004). Childhood emotional and behavioral problems and educational attainment. *American Sociological Review, 69*, 636-658. doi:10.1177/000312240406900502
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2014). *Brotthvarf úr framhaldsskólum*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Nair, M. K. C., Paul, M. K. og John, R. (2004). Prevalence of depression among adolescents. *Indian Journal of Pediatrics, 71*(6), bls. 523-524. doi:10.1007/BF02724294
- OECD. (2002). *Education at a Glance: Glossary of statistical terms*. Sótt af <https://stats.oecd.org/glossary/detail.asp?ID=5355>
- OECD. (2012). *Towards a strategy to prevent dropout in Iceland*. Main outcomes of the OECD: Iceland workshop preventing dropout in upper secondary schools in Iceland. Sótt af <https://www.oecd.org/iceland/49451462.pdf>
- Quiroga, C. V., Janosz, M., Bisset, S. og Morin, A. J. S. (2013). Early adolescent depression symptoms and school dropout: mediating processes involving self-

- reported academic competence and achievement. *Journal of Educational Psychology*, 105(2), 552–560. doi.org/10.1037/a0031524
- Ream, R. K. og Rumberger, R. W. (2008). Student engagement, peer social capital, and school dropout among Mexican American and Non-Latino white students. *Sociology of Education*, 81(2), bls. 109-139. doi.org/10.1177/003804070808100201
- Rumberger, R. W. (1995). Dropping out of middle school: A multilevel analysis of students and schools. *American educational Research Journal*, 32(3), 583-625. doi.org/10.3102/00028312032003583
- Rumberger, R. W. og Lamb, S. P. (2003). The early employment and further education experiences of high school dropouts: a comparative study of the United States and Australia. *Economics of Education Review*, 22(4), 353-366. doi.org/10.1016/S0272-7757(02)00038-9
- Rumberger, R. W. (2011). *Dropping out: Why students drop out of high school and what can be done about it*. Cambridge, MA: Harvard Educational Press.
- Sagatun, Å., Heyerdahl, S., Wentzel-Larsen, T. og Lien, L. (2014). Mental health problems in the 10th grade and non-completion of upper secondary school: The mediating role of grades in a population-based longitudinal study. *BMC Public Health*, 14(1), 16. doi.org/10.1186/1471-2458-14-16
- Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal. (2005). Brotthvarf ungmenna frá námi og uppeldisaðferðir foreldra: Langtímarannsókn. *Tímarit félags um menntarannsóknir*, 2, 11-23.
- Sigrún Daniélsdóttir, Védís Helga Eiríksdóttir og Salbjörg Bjarnadóttir. (2017). Geðheilbrigði ungs fólks á Íslandi fer hrakandi. *Tal nabrunnur: Fréttabréf Landlæknis um Heilbrigðis Upplýsingar*, 11(6), 1-4.
- Svandís Nína Jónsdóttir, Stefán Hrafn Jónsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Hera Hallbera Björnsdóttir og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir. (2003). *Utanskólarannsókn: Félagsleg staða ungmenna utan framhaldsskóla og samanburður við jafnaldra þeirra í framhaldsskólum*. Rannsóknir og greining: Reykjavík.
- Van Ameringen, M., Mancini, C. og Farvolden, P. (2003). The impact of anxiety disorders on educational achievement. *Journal of Anxiety Disorders*, 17(5), 561-571. doi.org/10.1016/S0887-6185(02)00228-1
- Verboom, C. E., Sijtsema, J. J., Verhulst, F. C., Penninx, B. W. J. H. og Ormel, J. (2014). Longitudinal association between depressive problems, academic performance, and social functioning in adolescent boys and girls. *Developmental Psychology*, 50(1), 247-257. doi.org/10.1037/a0032547
- Wetherell, J. L., Gatz, M. og Pedersen, N. L. (2001). A longitudinal analysis of anxiety and depressive symptoms. *Psychology and Aging*, 16(2), 187–195. doi.org/10.1037/0882-7974.16.2.187

Woolf, S. H., Johnson, R. E., Phillips, R. L., Jr. og Philipsen, M. (2007). Giving everyone the health of the educated: An examination of whether social change would save more lives than medical advances. *American Journal of Public Health*, 97, 679–683. doi:10.2105/AJPH.2005.084848

Zavos, H. M. S., Gregory, A. M. og Eley, T. C. (2012). Longitudinal genetic analysis of anxiety sensitivity. *Developmental Psychology*, 48(1), 204–212. doi.org/10.1037/a0024996